



Farvegur sem liggur út úr gíg

Til að skilja sögu vatns á Mars er mjög mikilvægt að skilja uppruna farvega á reikistjörnunni. Á Mars eru nokkrir stórir gígar (meira en 30 kílómetra breiðir) sem virðast hafa getið af sér farvegi, hugsanlega þegar heitt árekstrarefni streymdi út úr þeim.